

# **Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.**

**Ársreikningur 2023**

**Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.**

Kennitala 701213-0250

Austurbakki 2, 101 Reykjavík

**Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	<b>2</b>
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	<b>3</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>4</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>5</b>
Sjóðstreymi .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7 - 9</b>

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi og tilgangur félagsins

Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. stendur fyrir menningarviðburðum í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi. Starfsemi félagsins á því sviði lýtur að tónlistar- og menningarviðburðum sem hvorki teljast í samkeppni við aðra á afþreyingarmarkaði né fasta notendur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

## Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins var 58,7 milljónir króna á árinu samanborið við 57,9 milljónir króna á árinu 2022. Hagnaður að fjárhæð 9.557 þúsund krónur varð á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, samanborið við 16.521 þúsund króna hagnað á árinu 2022. Eigið fé í árslok nam 62,2 milljónum króna.

Engir starfsmenn voru á launaskrá félagsins á árinu og hvorki voru inntar af hendi greiðslur fyrir stjórnarsetu né framkvæmdastjórn á árinu. Rekstur viðburðarstarfsemi félagsins er í umsjón móðurfélagsins Hörpu gegn samningi fyrir hvern og einn viðburð og fjármálaleg umsýsla er í höndum móðurfélagsins samkvæmt þjónustusamningi.

Félagið stóð fyrir tveimur stórum listviðburðum í Eldborg á árinu en það voru tónleikar fiðluleikarans Anne-Sophie Mutter og strengjasveitar hennar og þrjár sýningar á ballettinum Hnotubrjótnum með Kyiv Grand Ballet frá Úkraínu í samstarfi við Sinfónuhjómssveit Íslands. Jafnframt hófst Upprásin - ný tónleikaröð tileinkuð grasrót íslenskrar tónlistar, þvert á tónlistarstefnur. Tónleikaröðin er liður í því að framfylgja dagskrárstefnu Hörpu um bætt aðgengi grasrótar og ungs fólks í öllum tónlistargreinum og auka við fjölbreytni í tónleikahaldi. Upptakturinn - tónsköpunarverðlaun unga fólksins og Big Bang tónlistarhátíð barna voru einnig meðal verkefna Hörpustrengja og spegla áherslu á tónlistarfræðslu, sköpun og þátttöku barna og ungmenna á vettvangi Hörpu. Meginhluti rekstrarkostnaðar félagsins er breytilegur og beint tengdur viðburðahaldinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Félagið mun starfa í samræmi við samþykktu stefnumótun og tengda dagskrárstefnu hvað varðar viðburðahald. Fjárhagsstaða félagsins er sterk, eiginfjárhlutfall í árslok var 95% og nægt handbært fé til að standa straum af fyrirhuguðum rekstrarkostnaði félagsins. Stjórnendur telja því rekstrarhæfi félagsins tryggt.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður á óráðstafað eigið fé og stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu.

## Eignaraðild

Engar breytingar urðu á eignarhaldi félagsins á árinu og er allt hlutafé í árslok í eigu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

## Stjórnarhættir

Stjórn Rekstrarfélagsins Hörpustrengja ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja uppfærðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2021. Félagið fylgir starfsreglum stjórnar móðurfélagsins Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Starfsreglur stjórnar móðurfélagsins gilda um öll dótturfélög í samstæðunni og fjallar m.a. um reglur um fundarsköp, þagnarskyldu og upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins ásamt siðareglum stjórnar og starfsmanna. Innri stefnumótun gildir um öll félög samstæðunnar eftir því sem á við miðað við eðli starfseminnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins Hörpustrengja ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík 8. apríl 2024

Svanhildur Konráðsdóttir  
stjórnarmaður

Berglind Ólafsdóttir  
framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Rekstrarfélagsins Hörpustrengja ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Rekstrarfélagsins Hörpustrengja ehf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn ber einnig ábyrgð á því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð fagaðila

Ábyrgð okkar felst í ályktun þeirri sem við látum í ljós á ársreikningnum. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um könnun ISRE 2400 (Revised). Samkvæmt þeim staðli ber okkur að álykta um hvort eitthvað hafi komið í ljós við könnunina sem fær okkur til að efast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Staðallinn krefst þess einnig að við hlítum viðeigandi ákvæðum siðareglna.

Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 (Revised) er verkefni sem felur í sér takmarkaða staðfestingu. Könnun felur fyrst og fremst í sér fyrirspurnir til starfsmanna ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum eftir því sem við á og mati okkar á framlögðum gögnum.

Þær aðgerðir sem framkvæmdar eru við könnun eru mun minni en þær sem framkvæmdar eru við endurskoðun sem unnin er samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós endurskoðunarálit.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi ársreikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Reykjavík, 8. apríl 2024

## PricewaterhouseCoopers ehf

Valgerður Kristjánsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Miðasölutekjur .....		55.202.812	48.934.887
Aðrar tekjur .....		3.500.000	9.010.800
		<u>58.702.812</u>	<u>57.945.687</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeypt þjónusta .....		30.932.851	31.388.968
Annar rekstrarkostnaður .....		18.985.667	8.540.081
		<u>49.918.518</u>	<u>39.929.049</u>
<b>Rekstrarhagnaður (EBITDA)</b>		8.784.294	18.016.638
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		685.802	144.859
Vaxtagjöld .....		0	(266)
Gengismunur .....		119.959	(162.293)
		<u>805.761</u>	<u>(17.700)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		9.590.055	17.998.938
Tekjuskattur .....	3	(33.555)	(1.478.421)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>9.556.500</u>	<u>16.520.517</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Aðrir fastafjármunir:			
Tekjuskattseign .....	3	0	28.381
<b>Fastafjármunir samtals</b>		0	28.381
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	507.190
Aðrar skammtímakröfur .....		150.876	31.869
Handbært fé .....		65.195.517	56.441.646
		<u>65.346.393</u>	<u>56.980.705</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>65.346.393</u>	<u>57.009.086</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður .....		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé .....		61.612.886	52.056.386
	2	<u>62.237.886</u>	<u>52.681.386</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding .....	3	5.174	0
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		1.803.333	2.596.998
Skuld við tengda aðila .....	4	0	1.330.702
Skattar ársins .....	3	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		1.300.000	400.000
		<u>3.103.333</u>	<u>4.327.700</u>
<b>Skuldir samtals</b>		3.108.507	4.327.700
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>65.346.393</u>	<u>57.009.086</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	5		

## Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		9.556.500	16.520.517
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Breyting tekjuskattseignar / -skuldbindingar .....	3	33.555	1.478.421
		<u>9.590.055</u>	<u>17.998.938</u>
Lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		388.183	265.526
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		106.335	261.701
		<u>494.518</u>	<u>527.227</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>10.084.573</u>	<u>18.526.165</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við tengda aðila, breyting .....	4	(1.330.702)	1.330.702
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		8.753.871	19.856.867
Handbært fé í byrjun árs .....		56.441.646	36.584.779
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>65.195.517</u>	<u>56.441.646</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Félagið er hluti af samstæðu, en móðurfélag þess er Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi.

## 2. Eigið fé

### Hlutfé

Skráð hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er að fjárhæð kr. 500.000.

### Lögbundinn varasjóður

Lagt hefur verið í lögbundinn varasjóð sem nemur 25% af hlutfé í árslok í samræmi við ákvæði laga 138/1994 um einkahlutafélög.

### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2022:</b>				
Staða í ársbyrjun .....	500.000	125.000	35.535.869	36.160.869
Hagnaður ársins .....	0	0	16.520.517	16.520.517
Staða í árslok .....	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>52.056.386</u>	<u>52.681.386</u>
<b>Hreyfingar 2023:</b>				
Staða í ársbyrjun .....	500.000	125.000	52.056.386	52.681.386
Hagnaður ársins .....	0	0	9.556.500	9.556.500
Staða í árslok .....	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>61.612.886</u>	<u>62.237.886</u>

## 3. Tekjuskattur og tekjuskattseign

Tímamismunur vegna tekjuskattsútreiknings er færður í efnahagsreikningi sem tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding.

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf.

Breyting tekjuskattseignar greinist þannig:

	2023	2022
Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	28.381	1.506.802
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi .....	(1.922.051)	(3.603.548)
Samsköttunaráhrif .....	1.888.496	2.125.127
Tekjuskattur til greiðslu 2024 vegna 2023 / 2023 vegna 2022 .....	0	0
Tekjuskattseign (-skuldbinding) í árslok .....	<u>(5.174)</u>	<u>28.381</u>
Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Gengismunur .....	(5.174)	28.381
	<u>(5.174)</u>	<u>28.381</u>



## Skýringar

### 3. Tekjuskattur og tekjuskattseign, framhald

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2023	2022
Hagnaður fyrir skatta .....	9.590.055	17.998.938
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skatthlutfall .....	1.918.011	3.599.788
Ófrádráttarbær gjöld .....	4.040	3.760
Samsköttunaráhrif með móðurfélagi .....	(1.888.496)	(2.125.127)
	<u>33.555</u>	<u>1.478.421</u>

### 4. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélagið, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið á árinu:

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:	2023	2022
Harpa, miðasöluþóknun (hluti af öðrum rekstrarkostnaði) .....	2.792.424	2.458.807
Harpa, viðburðakostnaður (hluti af aðkeyptri þjónustu) .....	4.103.126	3.849.251
Harpa, umsýsluþóknun (hluti af öðrum rekstrarkostnaði) .....	839.210	770.718
	<u>7.734.760</u>	<u>7.078.776</u>
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>

#### Skuldir við tengda aðila:

*Sundurliðun á kröfum og skuldum við tengda aðila*

Skuld við Hörpu .....	0	1.330.702
-----------------------	---	-----------

### 5. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 5.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### 5.2 Gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikningi.

#### 5.3 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti.

#### *Sala á þjónustu*

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

## Skýringar

### 5. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

#### 5.4 Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

Styrkir eru tekjufærðir þegar komið er bindandi samkomulag um veitingu þeirra.

#### 5.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

#### 5.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom félagsins.

#### 5.7 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

#### 5.8 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

#### 5.9 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

#### 5.10 Tekjuskattur og tekjuskattseign

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattfyrvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

#### 5.11 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.